

Skipulagsstofnun  
Sigmar Arnar Steingrímsson  
Laugavegi 166  
150 Reykjavík

Ur	Stofnun
Áb.	
27. sep. 2013 8.12.0	
Tilv.	




UMHVERFISSTOFNUN


Reykjavík, 20. september 2013  
Tilvísun: UST20130900158/bs

### Ný ákvörðun vegna allt að 7.000 tonna framleiðsla á eldisfiski í sjókvíum í Ísafjarðardjúpi - nýjar upplýsingar

Vísað er til bréfs Skipulagsstofnunar dags. 17. september sl. þar sem óskað er eftir að Umhverfisstofnun gefi umsögn um hvort ástæða sé að breyta fyrri umsögnum stofnunarinnar sem sendar voru Skipulagsstofnun með bréfum dags. 31. janúar 2012 og 28. febrúar 2012 á grundvelli nýrra upplýsinga sem lúta m.a. að mögulegri erfðamengun, hættu á því að laxalús komi upp og áhrifum efna sem notuð verði ef lús komi upp í eldinu. Í fyrirnefndri umsögn taldi Umhverfisstofnun líklegt að fyrirhugað fiskeldi við innanvert Ísafjarðardjúpi gæti haft í för með sér umtalsverð umhverfisáhrif og skuli því háð mati á umhverfisáhrifum, m.a. vegna álags á vistkerfi, óvissu um burðargetu einstakra stöðva og mögulega erfðamengun. Umhverfisstofnun telur að þau gögn sem Skipulagsstofnun vísar til styrki fyrri niðurstöður Umhverfisstofnunar. Því ítrekar stofnunin það álit sem fram kemur í ofangreindum umsögnum.

Virðingarfyllt

  
Aðalbjörg Birna Guttormsdóttir  
Teymisstjóri

  
Björn Stefánsson  
sérfræðingur